

AUGLÝSING

um álagningu á lyf og lyfjaefni í heildsölu.

Ráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt tillögu lyfjaverðlagsnefndar, að álagning í heildsölu á lyf og lyfjaefni verði 16% og er sú ákvörðun miðuð við breytingu á markaðsgengi íslenskrar krónu 30. ágúst 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

19. ágúst 1974.

Nr. 270.

REGLUGERÐ

um menntaskóla.

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi vól á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki sist með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir piltá og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum laga nr. 12/1970, um menntaskóla, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem löggin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólustjórnar.